

Fimmtudaginn 4. ágúst 1994.

Nr. 337/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Sigurði Hólm Sigurðssyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. júlí 1994, sem barst réttinum 3. ágúst sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júlí 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Sigurði Hólm Sigurðssyni, kt. 010563-2839, heimilislausum, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 1. september nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn í nótt af lögreglunni í Reykjavík við Bjarnarstíg 3, þar sem hann faldi sig í kjallaratröppum Kárástígs 3, Frakkastígs megin, en lögregla hafði verið kölluð að Bjarnarstíg 3 vegna grunar um innbrot. Lýsing húsráðanda á fatnaði þess, sem reynt hafði að brjóta inn, kom heim og saman við fatnað þann, sem kærði var í. Í handtökuskýrslu kemur fram, að húsráðandi að Kárástíg 3 hafi vaknað sömu nótt við urr í hundi sínum, og kveðst hafa séð, að stigi var reistur upp við hús sitt, er hann leit út um gluggann. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa tekið eftir nokkrum manni.

Kærði játaði aðild sína að innbroti í Brekkubæ 8, Reykjavík, fyrir lögreglu í dag. Í þeirri lögregluskýrslu kemur fram, að við innbrot í Brekkubæ 8 hafi Grétar Magnússon verið með kærða, en ekki ber saman framburði Grétars og kærða fyrir lögreglu. Þá játaði kærði einnig aðild sína að tilraunum til innbrots og þjófnaðar að Bjarnarstíg 3 og Kárástíg 3 fyrir lögreglu í dag. Kærði neitaði hins vegar fyrir dómi að hafa gert tilraun til innbrots og þjófnaðar í Kárástíg 3 og Bjarnarstíg 3.

Kærði var látinn laus af Litla-Hrauni þriðjudaginn 26. júlí sl. eftir þriggja og hálfis árs veru þar. Ljóst er samkvæmt sakavottorði kærða, að hann á langan brotaferil að baki.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og misræmis gætir í frásögnum kærða og Grétars Magnússonar af innbroti við Brekkubæ 8. Ber því samkvæmt framansögðu og einkum með hliðsjón af löngum og samfelldum brotaferli kærða svo og með skírskotun til a- og c-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, eins og hún er fram sett.

Ingeldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 1. september 1994 kl. 16.00.
